Fullgild rafræn undirskrift
MARÍA HEIMISDÓTTIR
Kennitala: 020264-5279
2022-06-13 13:59:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VILBORG ÞÓRUNN HAUKSDÓTTIR
Kennitala: 210653-3179
2022-06-13 14:16:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON
Kennitala: 140967-3869
2022-06-14 10:25:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓNÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 060376-3959
2022-06-14 11:11:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BRYNDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR HOLM
Kennitala: 030181-4339
2022-06-15 09:42:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUNNAR SÆR RAGNARSSON
Kennitala: 220895-2979
2022-06-16 11:29:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Sjúkrahótel

## 08 383

# Ársreikningur 2021

## Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstjóra ...................................................................... | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................... | **3** |
| Efnahagsreikningur ................................................................................. | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit ................................................................................... | **5** |
| Skýringar ................................................................................................. | **6** |


**Sjúkrahótel**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Sjúkratrygginga Íslands**

**kt. 480408-0550**

**Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstjóra

Fjárlagaliðurinn Sjúkrahótel er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um sjúkratryggingar og varðar rétt sjúkratryggðra til gistiþjónustu. Sjúkratryggingar Íslands hafa umsjón með fjárlagaliðnum.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 24 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 2.912,0 milljónir og afkoma kr. -69,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -15,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 329,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu fjárlagaliðarins Sjúkrahótels í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri staðfestir hér með ársreikning fjárlagaliðarins Sjúkrahótels fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

María Heimisdóttir,
forstjóri

Stjórn;

Vilborg Þ. Hauksdóttir, stjórnarformaður

Bryndís Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Guðmundur Magnússon, meðstjórnandi

Gunnar Sær Ragnarsson, meðstjórnandi

Jónína Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

(Undirritun rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga ............................................................................ | 2 | 2.912.000.000 | 671.300.000 |
| **Tekjur samtals** | | 2.912.000.000 | 671.300.000 |
| **Gjöld** | | | |
| Annar rekstrarkostnaður ............................................................................ | 3 | 2.981.351.942 | 583.483.706 |
| **Gjöld samtals** | | 2.981.351.942 | 583.483.706 |
| **Afkoma ársins** | | (69.351.942) | 87.816.294 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| | Skýr | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Tengdir aðilar ................................................................................................ | 4 | 329.172.107 | 83.583.791 |
| **Eignir samtals** | | 329.172.107 | 83.583.791 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 5 | | |
| Hrein eign ...................................................................................................... | | (15.644.717) | 53.707.225 |
| **Eigið fé samtals** | | (15.644.717) | 53.707.225 |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir ............................................................................................ | | 344.816.824 | 29.876.566 |
| **Skuldir samtals** | | 344.816.824 | 29.876.566 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 329.172.107 | 83.583.791 |

**Aðrar upplýsingar** 6

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (69.351.942) | 87.816.294 |
| | | (69.351.942) | 87.816.294 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Tengdir aðilar | | (245.588.316) | (116.351.255) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 314.940.258 | 28.534.961 |
| | | 69.351.942 | (87.816.294) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 0 | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

## 2 Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 2.912.000.000 | 671.300.000 |
| | 2.912.000.000 | 671.300.000 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 12.000.000 | 0 | 0 | 12.000.000 |
| Fjáraukalög | 2.900.000.000 | 0 | 0 | 2.900.000.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **2.912.000.000** | **0** | **0** | **2.912.000.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (2.981.351.942) | 0 | 0 | (2.981.351.942) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(69.351.942)** | **0** | **0** | **(69.351.942)** |

## 3 Annar rekstrarkostnaður

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Samningsbundin kaup og leiga | 2.981.351.942 | 583.483.706 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 2.981.351.942 | 583.483.706 |

## 4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 329.172.107 | 83.583.791 |
| | 329.172.107 | 83.583.791 |

## 5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 53.707.225 | (34.109.069) |
| Afkoma ársins | (69.351.942) | 87.816.294 |
| Jöfnuður 31.12. | (15.644.717) | 53.707.225 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

# Skýringar

**6  Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Í gildi er rammasamningur um kaup á gistingu og hótelþjónustu, milli Sjúkratrygginga Íslands og rekstraraðila gististaða, sem tók gildi 17. maí 2016 og er hann uppsegjanlegur með tveggja mánaða fyrirvara. Í gildi eru samningar við Hótel Akureyri, Gistiheimilið Hrafninn, Heilsumiðstöðina og Heilsuvernd (áður Akureyrarbær).  Heildarkostnaður ársins var 22,1 m.kr.

Vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu vegna COVID-19 faraldursins eru í gildi samningar við Fosshótel (þ.e. Lind, Rauðará og Barón), Northern Lights, Storm Hótel, Hótel Natura, Hótel Akureyri og Airport Hotel Aurora  um kaup og rekstur hótelþjónustu fyrir einstaklinga sem þurfa að vera í sóttkví vegna sjúkdómsins skv. lögum um sóttvarnir. Eins mánaðar skuldbinding vegna þessara samninga er 356,6 m.kr.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2021.

*Veittar ábyrgðir*
Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðarins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.